

## FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 71/2013 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 71/2013, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða 2. gr.:

1. Við g-lið 2. tölul. bætast orðin: þar með talin framkvæmd laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.
2. Í stað orðanna „málefni tollstjóra og ríkistollanefndar“ í b-lið 4. tölul. kemur: og málefni tollstjóra.

2. gr.

Í stað orðanna „sbr. þó e-lið 3. töluliðar“ í b-lið 2. tölul. 3. gr. kemur: sbr. þó f-lið 3. töluliðar og g-lið 2. tölul. 2. gr.

3. gr.

K-liður 31. töluliðar 4. gr. fellur brott.

4. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 30. desember 2014.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.*